

Áhrif aðgerða í opinberum fjármálum á verðlag, ráðstöfunartekjur heimilanna og afkomu atvinnulífsins á árinu 2014

I. Inngangur

Minnisblað þetta er tekið saman að tilhlutan Samstarfsnefndar um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Að nefndinni standa fern heildarsamtök launafólks, þ.e. ASÍ, BHM, BSRB og KÍ og vinnuveitendamegin, SA, Samband ísl. sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Samstarfsnefndin gaf út ritið *Í aðdraganda kjarasamning. Efnahagsumhverfi og launaþróun* í október 2013 sem samið var af vinnuhópum aðila að samstarfsnefndinni. Þetta minnisblað er hluti af þeirri vinnu og samið af vinnuhópi um efnahagsforsendur kjarasamninga. Hannes G. Sigurðsson (SA) leiðir þann vinnuhóp. Auk hans eru í vinnuhópnum Ólafur Darri Andrason (ASÍ), Oddur Jakobsson (KÍ), Helga Jónsdóttir (BSRB), Georg Brynjarsson (BHM), Benedikt Valsson (Samband ísl. sveitarfélaga) og Anna Borgþórsdóttir Olsen (fjármálaráðuneyti). Sigurður Snævarr hagfræðingur var ráðinn til að afla gagna og annast skýrslugerð.

Verkefnið felst í því að meta áhrif aðgerða ríkis og sveitarfélaga á verðbólgu, ráðstöfunartekjur heimila og afkomu fyrirtækja á árinu 2014.

Helstu niðurstöður eru þessar

- Opinberar aðgerðir leiða til 0,25% hækkunar verðlags.
- Ráðstöfunartekjur heimilanna hækka um 0,7%, einkum vegna hærri lífeyrisgreiðslna og lækkunar tekjuskatts.
- Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna eykst um 0,4%.
- Álögur á fyrirtæki aukast um 35,6 milljarða kr., en um 7,3 milljarða án fjármálafyrirtækja í slitameðferð.

II. Verðlagsáhrif

Opinberar gjaldskrár eru yfirleitt ákveðnar í eða í tengslum við fjárlög og fjárhagsáætlanir og taka gildi í upphafi nýs rekstrarárs. Í nokkrum tilvikum taka þó gjaldskrár mið af undangenginni verðlagsþróun, s.s. byggingarleyfisgjöld sveitarfélaga, verðskrár nokkurra orkufyrirtækja og þjónustufyrirtækja s.s. Sorpu og húsaleiga (s.s. leiga í Félagsbústöðum). Í þessari greinargerð er horft fram hjá þessum vísitölubundnu breytingum. En rétt er þó að leggja áherslu á mikilvægi þess að losa um sjálfvirka verðtengingar sem viðhalda verðbólgu og verðbólguvæntingum.

Ríki og sveitarfélög leggja til grundvallar spá Hagstofu Íslands frá 28. júní 2013 við gerð frumvarps til fjárlaga og fjárhagsáætlunum fyrir árið 2014. Samkvæmt þeirri spá er gert ráð fyrir að verðlag hækki um 3% milli ára og laun hækki um 5,6%.

A. Fjárlög og aðrar aðgerðir ríkisins

Fjárlagafrumvarp var lagt fram 1. október sl. og samþykkt á Alþingi 21. desember sl. Helstu breytingar á opinberum gjöldum í fjárlögum og tengdri lagasetningu sem áhrif hafa á vísitölu neysluverðs eru:

- **Innritunargjöld í ríkisháskólum hækka úr kr. 60.000 í 75.000 (25% hækkun)**
Mat á verðhækkun: Áætlað er að það feli í sér um 18% hækkun á innritunargjöldum í háskólum að meðaltali. Vísitöluáhrif áætluð 0,114%.
- **Orkuskattur hækkar um 3,2% eða úr kr. 0,126 í kr. 0,130.**
Mat á verðhækkun: Áætlað er að þetta feli í sér að rafmagnsverð hækki um 0,05% ef miðað er við samsetningu rafmagnsverðs OR. Vísitöluáhrif áætluð 0,001%.
- **Komugjöld í heilsugæslu hækka úr kr. 1.000 í kr. 1.200.**
Mat á verðhækkun: Hækkun komugjalda um 20% hækkar vísitölu neysluverðs um 0,014%.
- **Áfengis- og tóbaksgjald hækkar um 3%.**
Mat á verðhækkun: Áætlað er að hækkun gjaldsins feli í sér rösklega 1% hækkun á verði áfengis og tóbaks. Vísitöluáhrif metin 0,04%.
- **Bensíngjald, sérstakt vörugjald á bensín og bifreiðagjald hækkar um 3%.**
Mat á verðhækkun: Áætlað að hækkun gjalda hafi í för með sér að bensínverð hækki um 0,9% og að vísitöluáhrifin verði 0,042%.
- **Lög um stimpilgjald (nr. 138/27. desember 2013) leiða til lækkunar stimpilgjalda heimila.**
Mat á verðhækkun: Frumvarpið felur í sér að stimpilgjöld á eignaskiptasamninga einstaklinga hækka úr 0,4% í 0,8% og lögaðila úr 0,4% í 1,6%. Á hinn bóginn falla stimpilgjöld af lánaskjöldum niður. Fjármálaráðuneyti gerir ráð fyrir að tekjur af stimpilgjaldi breytist ekki vegna þessa. Miðað við tiltekna forsendur og athugasemdir með frumvarpinu ¹er hér gert ráð fyrir að stimpilgjöld einstaklinga muni lækka um 21%. Vísitöluáhrifin eru áætluð -0,042%.
- **Virðisaukaskattur á einnota barnableyjur lækkar úr 25,5% í 7%.**
Mat á verðhækkun: Fjármálaráðuneytið áætlað að verð á einnota barnableyjum muni lækka um 14-15% og að verðlagsáhrif verði -0,01%.

Áhrif þessara aðgerða ríkisvaldsins á vísitölu neysluverðs nema í heild 0,19%. Rétt er að taka fram að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún muni endurskoða til lækkunar vissar breytingar á gjöldum sem ákveðin voru í fjárlögum, sbr. bréf fjármálaráðherra til forsvarsmanna ASÍ og SA, dags. 21. desember sl.

Sjúkratryggingar Íslands og sérfræðilæknar gerðu með sér samning í lok síðasta árs og tók samningurinn gildi 1. janúar sl. Þar sem verðlagsáhrif hans eru óljós er hann ekki með í þessari samantekt.

B. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar sem lögð var fram 29. október sl. var gert ráð fyrir að hækka tiltekin gjöld, s.s. fæðisgjöld í skólum, leikskólagjöld og sorphirðugjald. Að mati Samtaka atvinnulífsins

¹ Gert er ráð fyrir að stimpilgjöld af lánaskjöldum skiptist til helminga milli heimila og lögaðila. Stimpilgjöld lögaðila hækka skv. þessu um 25%.

hefði þetta leitt til 0,13% hækkunar á vísitölu neysluverðs ef önnur sveitarfélög hefðu hækkað gjaldskrár sambærilega.² Í þeirri áætlun var ekki lagt mat á áform um hækkanir húsaleigu félagslegs húsnæðis og ýmissa smærri liða, s.s. verðs á máltíðum í skólum. Reykjavíkurborg ákvað að fara að tilmælum aðila vinnumarkaðarins og falla frá þessum hækkunum 14. nóvember sl.³ Í kjölfar ákvörðunar Reykjavíkurborgar hafa sveitarfélögin fallið frá fyrirhugðum hækkunum á gjaldskrá

Skattstofn fasteignaskatta og –gjalda sveitarfélaga er fasteignamat sem Þjóðskrá gefur út um mitt hvert ár.⁴ Það er byggt á gangverði fasteigna í febrúar og tekur gildi í upphafi nýs árs, eða tæpu ári eftir verðmælingu. Hækkun fasteignamats íbúðarhúsnæðis á landinu í heild reyndist vera 4,3%. Að óbreyttri álagningu munu því tiltekin fasteignagjöld (vatnsskattur og holræsagjald) hækka sem því nemur. Undanfarin ár hafa sveitarstjórnir gjarnan breytt álagningarhlutfalli á íbúðarhúsnæði til að vege gegn hækkun fasteignamats.

Hækkun fasteignamats á íbúðarhúsnæði er mjög mismunandi milli sveitarfélaga. Á höfuðborgarsvæðinu er hækkunin yfir landsmeðaltali, um 4,5%, en mun lægri eða 3,5% á landsbyggðinni. Hækkunin er áberandi lítil í jaðri höfuðborgarsvæðisins, s.s. Reykjanesbæ, Akranesi og Árborg. Í töflu 1 er sýnt fasteignamat í 10 stærstu sveitarfélögum landsins.

Tafla 1. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis og lóðamat 2013 og 2014

	Fasteignamat ársins, m.kr.		Breyting milli ára
	2013	2014	
Reykjavík	1.338.074	1.401.892	4,8%
Kópavogur	364.660	382.516	4,9%
Hafnarfjörður	272.309	278.393	2,2%
Akureyri	155.100	165.373	6,6%
Reykjanesbær	120.768	118.194	-2,1%
Garðabær	200.040	209.996	5,0%
Mosfellsbær	99.051	103.628	4,6%
Sveitarfélagið Árbo	65.233	65.673	0,7%
Akranes	51.976	52.243	0,5%
Fjarðabyggð	27.269	29.109	6,7%
Samtals	2.694.480	2.807.017	4,2%

Heimild: Þjóðskrá Íslands.

Einu verðlagsáhrifin sem rakin eru til ákvarðana sveitarfélaga stafa af hækkun fasteignamats. Vísitöluáhrifin af hækkun vatnsskatts og holræsagjalds nema samtals 0,064%.

Í töflu 2 eru áætluð áhrif opinberra aðgerða á verðbólgu 2014 dregin saman.

² <http://www.sa.is/frettir/almennar/nr/5963/>

³ Áfram stendur þó að stakir miðar í sund munu hækka og aðgangseyrir fyrir einstakar listsýningar. Vægi í vísitölu er hverfandi, enda einkum erlendir ferðamenn sem kaupa staka miða.

⁴ Fasteignagjöldin reiknast inn í vísitölu neysluverðs, en fasteignaskattar teljast hins vegar til eignarskatta og ganga inn í uppgjör ráðstöfunartekna.

Tafla 2. Samantekt: Áhrif opinberra aðgerða á vísitölu neysluverðs

Vara/þjónusta	Vægi í vísitölu	Áætluð verðbreyting	Vísitölu-áhrif	Skýring
Áfengi	2,00%	1,20%	0,024%	Áfengisgjald hækkar um 3%
Tóbak	1,40%	1,10%	0,016%	Tóbaksgjald hækkar um 3%
Holræsi	0,90%	4,30%	0,040%	Vegna hækkunar fasteignamats
Vatn	0,60%	4,30%	0,024%	Vegna hækkunar fasteignamats
Rafmagn	1,80%	0,10%	0,001%	Skattur á raforku
Heilsugæsla	0,10%	20,00%	0,014%	Hækkun komugjalda í heilsugæslu
Bensín 95 okt	4,70%	0,90%	0,042%	Hækkun almenns bensingjalds/sérstaks vörugjalds
Bifreiðagjöld	0,30%	3%	0,009%	Hækkun bifreiðagjalda
Háskólar	0,60%	18,80%	0,114%	Hækkun skrásetningargjalda
Stimpilgjöld, þinglýsingar	0,20%	-21%	-0,042%	Frumvarp um breytingar á stimpilgjaldi
Einnota barnableyjur	0,10%	-14,50%	0,010%	Bleyjur færast í neðra þrep VSK
SAMTALS			0,252%	

Hækkun skrásetningargjalda í ríkisháskólunum um 25% vegur þyngst í þessum reikningi og svarar til 45% reiknaðra vísitöluáhrifa.

III. Áhrif á ráðstöfunartekjur heimilanna

Ráðstöfunartekjur eru þær tekjur sem heimilin hafa til ráðstöfunar til neyslu eða sparnaðar, án þess að ganga á eignir eða safna skuldum. Uppgjör ráðstöfunartekna er hluti af þjóðhagsreikningum (sk. tekjuskiptingaruppgjöri) og nær uppgjör Hagstofu Íslands yfir árabílin 1994 til 2012.

Í tengslum við gerð kjarasamninga er mikilvægt að grandskoða áhrif margvíslegra aðgerða hins opinbera á ráðstöfunartekjur heimilanna. Þessar aðgerðir falla í stórum dráttum í tvo flokka; breytingar á tilfærslutekjum og beinum sköttum.

A. Tilfærslutekjur

Almannatryggingar. Á sumarþingi 2013 voru gerðar tiltekna breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldrea. Breytingarnar tóku gildi 1. júlí sl., en lækkun tekjuskertingarhlutfalls tekjutryggingar tók gildi 1. janúar 2014.

Tafla 3. Lífeyrisbætur almannatrygginga, m.kr.

	Til framkvæmda	Ársútgjöld	Útgjöld 2013	Útgjaldaauki 2014
Frítækjumark v. atvinnutekna hækkað	2013	300	150	150
Lífeyrissjóðstekjur skerða ekki grunnlífeyri	2013	1.400	700	700
Lækkun tekjuskertingar tekjutryggingar ú 45% í 38,35%	2014	3.000	0	3.000
Samtals		4.700	850	3.850
Tekjuskattur/útsvar		1.739	315	1.425
Áhrif á ráðstöfunartekjur		2.961	536	2.426

Útgjöld ríkissjóðs aukast á árinu 2014, eins og taflan sýnir, um 3.850 m.kr., en ríkið fær hluta af þessu til baka í formi skatttekna. Hér er reiknað með að jaðarskattur bótaþega sé 37%, eða sem svarar skatthlutfalli í neðsta skattþrepi.

Barnabætur. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að óskertar barnabætur og tekjumörk verði óbreytt frá 2013. Það felur í sér að útgjöld vegna barnabóta munu lækka, þar sem tekjuhækkun bótaþega mun skerða bætur í auknum mæli. Fjármálaráðuneytið áætlar að barnabætur muni lækka um 169 m.kr. milli árana 2013 og 2014 vegna þessa.

Vaxtabætur. Í fjárlagafrumvarpi var gert ráð fyrir að óskertar vaxtabætur og tekjumörk verði hin sömu og á nýliðnu ári. Með sama hætti og gildir um barnabætur hefur þetta í för með sér að vaxtabætur lækka í heild og gerði fjármálaráðuneytið ráð fyrir 165 m.kr. lækkun vaxtabótagreiðslna milli árana 2013 og 2014 af þessum sökum. Í meðförum þingsins var síðan ákveðið að lækka almennar vaxtabætur um 500 m.kr.

Með innleiðingu sérstakra vaxtabóta, s.k. lánsveðsvaxtabóta, er komið til móts við þá sem tóku fasteignaveðlán til kaupa á fasteign til eigin nota með veði í fasteign í eigu annars einstaklings. Að mati fjármálaráðuneytis er útgjaldaauki um 500 m.kr.

Hámark **fæðingarorlofsgreiðslu** hækkar úr kr. 350.000 í kr. 370.000, sem er 5,7% hækkun. Áætlaður útgjaldaauki er 450 m.kr. og að teknu tilliti tekjuskatta eru áhrifin á ráðstöfunartekjur um 285 m.kr.

B. Tekju- og eignarskattar

Tekjuskattar. Í fjárlagafrumvarpi og meðfylgjandi lagafrumvörpum var áformað að lækka skatthlutfall í miðþrepi úr 25,8% í 25%.⁵ Í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninga féllst ríkisstjórnin á að hækka efri mörk lægsta þreps úr 241.475 kr. á mánuði í 290 þús. kr. og jafnframt var skatthlutfall í miðþrepi ákveðið 25,3%. Að mati fjármálaráðuneytisins leiðir þessi breyting til þess að skatttekjur lækka um 5.000 m.kr. Nánar er fjallað um tekjudreifingaráhrif frumvarpsins í næsta kafla. **Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra** hækkar um 3,2%, úr kr. 9.604 í kr. 9.911. Reiknar fjármálaráðuneyti með að tekjur ríkissjóðs aukist um 60 m.kr. vegna þessa.

Útvarpsgjald hækkar um 3,2% og verður kr. 19.400 í stað 18.800.

Skattlagning barna. Frítekjumark hjá börnum undir 16 ára aldri hækkar úr kr. 100.745 í kr. 180.000 á ári. Ekki liggur fyrir mat á áhrifum þessarar aðgerðar.

Fasteignaskattar. Álagning fasteignaskatta er óbreytt í flestum sveitarfélögum. Óbreytt álagningarhlutfall hefur í för með sér að skattar hækka um 4,3% vegna hækkunar á fasteignamati.

C. Ráðstöfunartekjur heimilanna og kaupmáttur þeirra

Niðurstaða þessara útreikninga er að tekjur heimilanna munu hækka um tæpa 4 milljarða kr. vegna fyrrgreindra áhrifa opinberra aðgerða, en jafnframt munu skattar á tekjur og eignir lækka um 2,8 milljarða kr. Samanlagt hækka því ráðstöfunartekjur heimilanna um 6,7 milljarða kr., sem er um 0,7% af áætluðum ráðstöfunartekjum 2014.

Ríkisstjórnin hefur kynnt áform um lækkun verðtryggðra íbúðaskulda heimila um 80 milljarða króna og mun sækja fjármuni til þessa með auknum álögum á fjármálastofnanir. Auk þess verður heimilt að verja iðgjöldum til séreignasparnaðar til þess að greiða niður verðtryggð fasteignalán upp að ákveðnu hámarki. Samtals er þessum aðgerðum ætlað að leiða til lækkunar skulda um 150 milljarða króna yfir 4 ára tímabil. Ekki er tekið tillit til þessara aðgerða í töflu 4, enda enn nokkur óvissa um útfærslu.

⁵ Þessi áform voru reyndar samþykkt sem lög frá Alþingi nr. 139/27. desember 2103.

Tafla 4. Samandregin áhrif á ráðstöfunartekjur heimilanna 2014

	Skýring	Fjárhæðir í m.kr.
TEKJUR		
Greiðslur frá Tryggingastofnun	Ýmsar ákvarðanir um mitt ár 2013	3.850
Barnabætur	Viðmiðunarfjárhæðir barnabóta hækka ekki	-169
Vaxtabætur	Sérstakar bætur til lántakenda með lánsveð	500
	Viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta hækka ekki	-165
	Almennar vaxtabætur lækka	-500
Fæðingarorlofsgreiðslur	Hámarksgræiðslur hækka um 5,7%	450
SAMTALS HÆKKUN TEKNA		3.966
GJÖLD		
Framkvæmdasjóður aldraðra	Hækkun gjalds í framkvæmdasjóð aldraðra	60
Tekjuskattur	Tekjuskattur í miðþrepi lækkar, tekjumörk hækka	-5000
	Tekjuskattur og útsvar hækka vegna aukinna tilfærslna	1.600
Útvarpsgjald	Útvarpsgjald úr 18.800 í kr. 19.400	130
Fasteignaskattar	Fasteignaskattar vegna hærri fasteignamats	400
SAMTALS HÆKKUN GJALDA		-2.810
HÆKKUN RÁÐSTÖFUNARTEKNA		6.776
HÆKKUN RÁÐSTÖFUNARTEKNA, % AF ÁÆTLUÐUM RÁÐSTÖFUNARTEKJUM 2014		0,7%

Á móti vega verðlagsáhrifin sem nema 0,25% og niðurstaðan því sú að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna eykst um 0,4% vegna opinberra aðgerða. Við mat á þessari niðurstöðu þarf að hafa í huga að hækkun ráðstöfunartekna nær fyrst og fremst til tiltekinna hópa eða þeirra sem fá auknar elli- og örorkulífeyri og lægri tekjuskatta. Aðrir liðir vega mun minna.

IV. Tekjuskattar og dreifing þeirra

Í ritinu *Í aðdraganda kjarasamninga* kemur fram dreifing launa félagsmanna í aðildarfélögum helstu bandalaga og viðsemjenda þeirra. Verulegur munur er á launum milli bandalaganna sem og á dreifingu launa innan þeirra. Tafla 5 sýnir dreifingu reglulegra heildarlauna eftir bandalögum og viðsemjendum.

Tafla 5. Dreifing reglulegra heildarlauna eftir bandalögum og viðsemjendum í maí 2013

	Regluleg heildarlaun, þús.kr. á mánuði										
	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Alls	
	Sv.fél.	Ríki	Alm.	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki
Meðaltal	277.000	345.000	425.000	491.000	538.000	355.000	415.000	412.000	494.000	377.000	469.000
10%	226.000	244.000	264.000	342.000	379.000	234.000	277.000	329.000	377.000	239.000	292.000
25% (neðri fjórðungsmörk)	237.000	271.000	316.000	393.000	442.000	259.000	315.000	361.000	416.000	292.000	358.000
50% (miðgildi)	252.000	309.000	394.000	472.000	519.000	335.000	382.000	394.000	473.000	370.000	453.000
75% (efri fjórðungsmörk)	293.000	386.000	492.000	566.000	625.000	414.000	497.000	442.000	546.000	430.000	555.000
90%	371.000	483.000	620.000	665.000	720.000	509.000	599.000	524.000	633.000	521.000	664.000

Heimild: Í aðdraganda kjarasamninga.

Tekjuskattskerfið er stighækkandi, sem þýðir að skattbyrðin (hlutfall skatta af tekjum) eykst með hærri tekjum. Af ofangreindri dreifingu leiðir að skattbyrði er misjöfn eftir hópum, eins og tafla 6 sýnir. Meðalskattbyrði félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ, sem starfa hjá sveitarfélögum, er þannig 19% af reglulegum heildarlaunum í maí 2013, en 28% hjá ríkisstarfsmönnum sem eru félagsmann aðildarfélaganna BHM. Í þessari töflu og öðrum útreikningum um skatta í þessari umfjöllun er miðað við persónuafslátt og mörk milli skattþrepa sem í gildi eru á árinu 2013. Um nýliðin áramót hækkaði persónuafsláttur í takt við hækkun vísitölu neysliverðs á árinu 2013 eða um 4,15%.

Tafla 6. Skattbyrði af reglulegum af heildarlaunum eftir bandalögum og viðsemjendum í maí 2013


	Skattbyrði af reglulegum heildarlaunum, % af tekjum										
	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Alls	
	Sv.fél.	Ríki	Alm.	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki
Meðaltal	19%	22%	25%	27%	28%	23%	25%	25%	27%	24%	26%
10%	14%	16%	18%	22%	24%	15%	19%	22%	24%	16%	19%
25% (neðri fjórðungsmörk)	15%	18%	21%	24%	26%	17%	21%	23%	25%	19%	23%
50% (miðgildi)	17%	21%	24%	26%	28%	22%	24%	24%	27%	23%	26%
75% (efri fjórðungsmörk)	20%	24%	27%	28%	29%	25%	27%	26%	28%	25%	28%
90%	23%	27%	29%	30%	30%	27%	29%	28%	29%	28%	30%

Heimild: Í aðdraganda kjarasamninga og eigin útreikningar.

Þessari dreifingu er varpað yfir á tekjuskattþrep í mynd 1. Þar kemur fram að tæpur helmingur félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ, sem starfa hjá sveitarfélögum (merkt ASÍ-S í myndinni), greiða tekjuskatt í lægsta skattþrepi. Þeir eru m.ö.o. með laun, að frádregnu 4% iðgjaldi í lífeyrissjóð, sem eru innan við 242 þús.kr. á mánuði. Rúmur helmingur þeirra greiðir tekjuskatt í milliprepinu og einungis 0,1% greiðir skatt í efsta þrepi. Til samanburðar greiða nær allir framhaldsskólakennarar (KÍ-R) í milliskattþrepinu og 2,6% í því efsta.


Í mynd 2 eru fyrrnefndri launadreifingu varpað yfir á tekjuskattþrepin eftir breytingu. Mjög stór hluti félagsmanna í þeim bandalögum þar sem launin eru lægst er með tekjur á bilinu 250 til 300 þús.kr. á mánuði. Eftir breytingu eru þannig 77% ASÍ fólks sem starfa hjá sveitarfélögum í fyrsta skattþrepi og 39% BSRB fólks sem starfa hjá sömu aðilum.

Mynd 1. Dreifing tekna félagsmanna í aðildarfélögum bandalaga og viðsemjenda í maí 2013 eftir skattþrepum 2013



Heimild: Í aðdraganda kjarasamninga og eigin útreikningar.


Mynd 2 Dreifing tekna félagsmanna í aðildarfélögum helstu bandalaga og viðsemjenda í maí 2013 eftir skattþrepum 2014



Heimild: Í aðdraganda kjarasamninga og eigin útreikningar.

Mynd 3 sýnir lækkun skatta eftir tekjum. Í myndinni er horft framhjá áhrifum þess að útsvar í staðgreiðslu hækkar úr 14,48% í 14,52%. Ekki er heldur tekið tillit til hækkunar á persónuafslætti sem leiðir af verðlagshækkun og hækkunar tekjumarka í efsta þrepi sem leiðir af launahækkunum í fyrra.

Mynd 3. Skattalækkun. Lækkun skatthlutfalls í miðtekjuþrepi um 0,5% og hækkun efri marka í neðsta þrepi



Í töflu 7 er tekjudreifingin í töflu 5 lögð til grundvallar við áætlun um lækkun skatta í krónum á mánuði fyrir einstaka tekjuhópa eftir bandalögum og viðsemjendum.

Tafla 7. Áform ríkisstjórnarinnar um lækkun skatthlutfalls í miðþrepi. Áhrif á launafólk eftir heildarsamtökum og viðsemjendum m.v. heildarlaun í maí 2013.

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Alls	
	Sv.fél.	Ríki	Alm.	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki
Meðaltal	680	1.584	1.968	2.285	2.511	1.632	1.920	1.906	2.299	1.738	2.179
10%	0	0	318	1.570	1.747	0	680	1.507	1.738	0	1.098
25% (neðri fjórðungsmörk)	0	513	1.445	1.815	2.050	179	1.440	1.661	1.925	1.098	1.647
50% (miðgildi)	0	1.411	1.819	2.194	2.419	1.536	1.762	1.819	2.199	1.704	2.103
75% (efri fjórðungsmörk)	1.125	1.781	2.290	2.645	2.928	1.915	2.314	2.050	2.549	1.992	2.592
90%	1.709	2.247	2.904	3.120	3.384	2.371	2.803	2.443	2.967	2.429	3.115

V. Áhrif aðgerða á afkomu fyrirtækja

Tryggingagjald. Samkvæmt fjárlögum mun tryggingagjald lækka úr 7,69% í 7,59% eða um 0,1 prósentustig. Að mati fjármálaráðuneytisins felur þetta í sér lækkun gjalda fyrirtækja um 1 milljarð króna.

Stimpilgjald. Stimpilgjöld á eignaskiptasamninga lögaðila mun hækka úr 0,4% í 1,6% með nýjum lögum um stimpilgjald. Á móti því falla stimpilgjöld af skuldabréfum niður. Hér er reiknað með að gjöld lögaðila hækki um 25% eða um 500 m.kr.

Veiðigjald. Lögum um veiðigjald var breytt um mitt ár 2013⁶, en með þeirri breytingu voru áformum sem ekki höfðu komið til framkvæmda breytt. Hér er hins vegar miðað við gjaldtöku í fyrra og fyrirhugaðri breytingu í ár og fæst þá að veiðigjöld lækki úr 10,3 milljörðum kr. í 9,8 milljarða.

Fasteignaskattar. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 4,1% milli ára. Engar heimildir liggja fyrir um áform um breytingar á álagningu, en öll sveitarfélög landsins leggja á hæsta mögulega hlutfall, 1,65%. Samkvæmt þessu hækka fasteignaskattar atvinnulífsins um 180 m.kr.

Atvinnuleysisbætur vegna hráefnisskorts fiskvinnslu verða felldar niður. Um 190 m.kr. kostnaður fellur á fiskvinnslufyrirtæki vegna þessa.⁷

Bankaskattur er lagður á heildarskuldir fjármálafyrirtækja sem hafa starfsleyfi til að taka við innlánnum. Stofninn verður breikkaður þannig að fjármálafyrirtæki í slitameðferð verða skattskyld. Í fjárlagafrumvarpi var áformað að hækka skattinn úr 0,041% í 0,145%. Til þess að fjármagna aðgerðir í skuldamálum verður bankaskattur hækkaður sérstaklega og verður í heild 0,376%. Fjármálaráðuneytið áætlar að tekjur ríkissjóðs af bankaskattinum í heild muni aukast um 37,3 milljarða kr. frá 2013 til 2014. Fjármálafyrirtæki í slitameðferð munu greiða 28,3 milljarða kr. og skattur starfandi fjármálafyrirtækja hækkar um 9 milljarða.

Almennur fjársýsluskattur. Almennur fjársýsluskattur er sérstakur launaskattur á fjármálafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og váttryggingafélög, auk Íbúðalánasjóðs. Skatthlutfallið lækkar úr 6,75% í 5,5% og reiknað með að tekjur ríkissjóðs minnki um 570 m. kr. vegna þessa.

Gjald vegna umboðsmanns skuldara. Sömu aðilar og greiða almennan fjársýsluskatt greiða einnig kostnað vegna reksturs embættis umboðsmanns skuldara. Gjaldstofn eru heildarútlán gjaldskyldra aðila. Áformað er að lækka gjaldið úr 0,0343% í 0,0172% eða sem nemur um 600 m.kr.

Ýmsar gjaldtökur. Í fjárlögum koma fram breytingar á ýmsum smærri gjaldaliðum sem atvinnulífið ber, s.s. gjöld Fiskistofu og Einkaleyfastofu. Alls er um að ræða um 40 m.kr.

⁶ Lög nr. 84/2013.

⁷ Hér er gert ráð fyrir að fyrirtækin muni greiða laun sem svara til bóta þegar vinna fellur niður vegna hráefnisskorts.

Samantekið aukast álögur á fyrirtæki um 35,6 milljarða kr. á næsta ári vegna opinberra aðgerða. Ef bankaskattinum, sem leggjast mun á fjármálafyrirtæki í slitameðferð er sleppt, og þannig litið til hins virka atvinnulífs aukast álögur um 7,3 milljarða kr.

Tafla 8. Áhrif opinberra aðgerða: Breyting á álögum á fyrirtæki frá 2013 til 2014.
Fjárhæðir í milljónum króna.

Bankaskattur	37.340
Almennur fjársýsluskattur	-570
Gjald vegna umboðsmanns skuldara	-600
Veiðigjald	-500
Tryggingagjald	-1.000
Stimpilgjald	500
Atvinnuleysisbætur v. hráefnaskorts	190
Fasteignaskattar	180
Ýmsar gjaldtökur	40
Samtals	35.580
án fjármálafyrirtækja í slitameðferð	7.310